

Ritstjórnarspjall:



Að leggja sjálfan sig að velli

*Ægilegur og undrafríður
ert þú, 'hið mikla fossaval;
aflrammur jafn þú áfram líður
í eyðilegum hamrasal.
Tímarnir breytast; bölið sára
það brjóstið slær, er fyrr var glatt;
en altaf söm þín ógnarbára
ofan um veltist gljúfrið bratt.*


(Kristján Jónsson 1842-1869)

Þegar Kristján Jónsson, oft nefndur Fjallaskáld, orti kvæðið um Dettifoss sem erindið hér að framan er hluti af, vissu fáir af tilvist hans og helst þá nokkrir bændur, sem stóð fremur stuggur af þessu illúðlega fosströlli en að þeim þætti það nokkurs virði. Það var ekki fyrr en Kristján fékk kvæðið birt í blaðinu Íslendingi árið 1861, að menn fóru að forvitnast um Dettifoss og þykja hann merkilegur.

Það hvarflar að manni að tiltekið landslag sé lítils virði fyrir þá sem þekkja það ekki af eigin raun, og ef það eigi sér ekki beinlínis sess í huganum og hafi eitthvað að gera með fegurðarskyn og gleði, þá skipti landslagið svo sem engu máli til eða frá. Eða hvað? Hvers virði er okkur í rauninni landslag og náttúra? Hefur maðurinn, sem telur sig herra jarðarinnar, miðpunkt alheimsins, leyfi til að beisla náttúruna að vild?

Líklega var það Guðmundur E. Sigvaldason jarðfræðingur, sem sagði einhverntíma, að miðað við lengd jarðsögunnar væri tilvist tegundarinnar Maður eins og vægur hnerri ungbarns. Og það er umhugsunarefni að þær dýrategundir, þar á meðal mannskepnan, sem nú eru taldar lifa á jörðinni, eru áætlaðar vera um það bil einn þúsundasti hluti þeirra tegunda, sem á jörðinni hafa verið frá upphafi. Öll saga mannkyns er því nánast eins og ósýnilegt krot í jarðsögunni.

Má spyrja í allri auðmykt hvort tegund okkar feti ekki refilstigu um þessar mundir, með því að halda að hægt sé að „eyðileggja“ náttúruna eða „bjarga“ henni, því að það eina sem maðurinn gæti verið að eyðileggja er grundvöllurinn fyrir áframhaldandi tilvist sinnar eigin tegundar á hnettinum. Við böslum við að skipuleggja samfélög okkar á einn hátt eða annan, reynum að halda jafnvægi innan þeirra og nýta allt sem fyrir verður til að skapa okkur betri lífsskilyrði.



Dettifoss. Ljós. Bjarni Sigurðsson. (Úr bókinni Jökulsárgljúfur. Íslenskur undraheimur. Akureyri 1975.).

Hugmyndafræðin hjá töluverðum hluta mannkyns hefur á síðari tímum einkum byggst á því, að okkur sé allt leyfilegt í þeirri viðleini að skapa okkur lífsgæði. Með því hugarfari höfum við til dæmis nýtt auðlindir jarðar, svo sem vatnsforda, olú og skóga hömlulaust. Loks þegar við gerum okkur grein fyrir því að forði þessara auðlinda kann að þverra, reynum við að skilja betur hvernig við getum forðast að raska viðkvæmu jafnvægi vistkerfisins, sem gerir okkur kleift að lifa af, og höfum ekki hugmynd um hvort það er of seint.

Hluti af „tilvistarþenkingum“ Íslendinga nú um stundir er spurningin um hvað gera eigi við miðhálandið. Sumir vilja halda því ósnortnu og telja það verðmætt í sjálfu sér; aðrir hafa áhuga á að taka hluta þessa landsvæðis undir virkjanir fallvatna og uppistöðulón. Þegar hefur nokkur hluti hálandisins verið settur undir virkjanir og önnur mannvirki. Hversu miklu máli skiptir að víðáttumiklar, ósnortnar auðnir séu fyrir hendi? Fyrir hverja eru þessar auðnir? Er neikvætt að beisla náttúruna? Skiptir það sköpum í þjóðhagslegu tilliti að virkjað verði á hálandinu?

Glettingur hefur tekist á hendur það erfiða hlutverk að reyna að varpa ljósi á þá margbrotnu fleti sem felast í umræðunni um virkjanir á svæðinu norðaustan Vatnajökuls. Í þessu hefti kennir margra grasa og rita hér greinar bæði lærðir og leikir og ber hver ábyrgð á sínu. Til að gera þessu efni einhver viðhlitandi skil þótti ekki annað fært en hafa heftið tvöfalt að þessu sinni, og kemur það í stað 2. og 3. tölublaðs á þessu ári. Vonandi verða lesendur einhverju nær því að öðlast yfirsýn, en leitinn að henni var einmitt kveikjan að þema Glettings að þessu sinni.

Steinunn Ásmundsdóttir.

E F N I S Y F I R L I T

Útgefandi:

Útgáfufélag Glettings,
Egilsstöðum

Félagsstjórn:

Helgi Hallgrímsson,
Lagarási 2, Egilsstöðum,
s: 471-1568
Sigurjón Bjarnason,
Selási 9, Egilsstöðum,
s: 471-1375
Þorsteinn P. Gústafsson,
Miðfelli 1, Fellabæ, s: 471-2348

Ritstjóri þessa heftis:

Steinunn Ásmundsdóttir,
Egilsstöðum IV, Egilsstöðum.

Ritnefnd:

Helgi Hallgrímsson (ábm.)
Skarphéðinn G. Þórisson
Steinunn Ásmundsdóttir

Umbrot:

Skarphéðinn G. Þórisson, Fellabæ.

Prentvinnsla:

Ásprent -POB, Akureyri

Glettingur

kemur út í þremur heftum á ári,
hvert hefti 44 bls. (að þessu sinni
tvöfalt hefti, 92 bls.).
Áskriftarverð (árgjald) er 1.950 kr.
Lausasöluverð heftis er 700 kr.
(í þetta skipti 1000 kr.).
Nýir áskrifendur fá eldri hefti á
hálfvirði, kr. 350.

Náttúrufar

Við norðaustanverðan Vatnajökul	9	Um friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa.....	71
<i>Hjörleifur Guttormsson</i>		<i>Kristján Geirsson (Náttúruvernd Ríkisins)</i>	
Snæfell - eldfjall á gosbelti fram tíðar.....	22	Umhverfisstefna Landsvirkjunar.....	73
<i>Ármann Höskuldsson og Páll Imsland</i>		<i>Ragnheiður Ólafsdóttir (Landsvirkjun)</i>	
Eyjabakkar.....	31	Kárahnjúkavirkjun.....	75
<i>Helgi Hallgrímsson</i>		<i>Helgi Bjarnason (Landsvirkjun)</i>	
Hreindýr á Snæfellsöræfum..	39	Félag um verndun hálandis Austurlands.....	79
<i>Skarphéðinn G. Þórisson</i>		<i>Karen Erla Erlingsdóttir</i>	
Fossaval í Jökulsá í Fljótsdal. Síðari hluti.....	43	Álver og virkjanir á Austurlandi.....	80
<i>Helgi Hallgrímsson</i>		<i>Magnús Ásgeirsson</i>	
Fuglar á Snæfellsöræfum	51	Annáll Fljótsdalsvirkjunar	82
<i>Kristinn Haukur Skarphéðinsson</i>		<i>Steinunn Ásmundsdóttir</i>	
Eyjabakkajökull.....	57		
<i>Oddur Sigurðsson</i>			
Gengið með Jökulsá	59		
<i>Rannveig Árnadóttir</i>			

Virkjanir og verndun

Ferðamál og virkjanir.....	63	Vængjasláttur þjóðar (ljóð)	4
<i>Anna Dóra Sæþórsdóttir</i>		<i>Ólöf Stefánía Eyjólfsdóttir</i>	
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs.....	66	Ritstjórnarspjall.....	5
<i>Þórhallur Þorsteinsson</i>		<i>Steinunn Ásmundsdóttir</i>	
Svæðisskipulag Miðhálandis	67	Snæfell klifið	6
<i>Gísli Gíslason o.fl. (Landmótun ehf)</i>		<i>Guðmundur Snorrason</i>	
		Steinþór og Snæfell	7
		<i>Helgi Hallgrímsson</i>	
		Ritfregnir.....	85
		<i>Helgi Hallgrímsson</i>	
		Smælki.....	88
		Hin skrinlagða heimska	89
		<i>Pétur Gunnarsson</i>	

Kápu myndin:

Kirkjufoss í Jökulsá í Fljótsdal. Snæfell í baksýn. Fossinn er í tveimur stöllum og tvískiptur á þeim efri, alls um 30-40 m hár (sjá bls. 45-47).
Ljós.: Helgi Hallgrímsson.



17-18

Glettingur

TÍMARIT UM AUSTFIRSK MÁLEFNI

8. árg. 2.-3. tbl. 1998



Snaefellsblað